

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/760****2022/EES/53/23****frá 8. apríl 2022****um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2021/2306 að því er varðar umbreytingarákvæði
vegna skoðunarvottorða sem eru gefin út í Úkraínu (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ⁽¹⁾, einkum 38. gr. (ii. lið a-liðar 8. mgr.), 46. gr. (b-lið 7. mgr.) og 57. gr. (3. mgr.),*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2306 ⁽²⁾ er mælt fyrir um reglur um opinbert eftirlit að því er varðar sendingar af lífrænt ræktaðum vörum og vörum í aðlögun sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins og skoðunarvottorð.
- 2) Í samræmi við fyrstu undirgrein 3. mgr. 5. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306 skal skoðunarvottorð gefið út í Traces-kerfinu og vera með fullgilt rafrænt innsigli. Í umbreytingarákvæðinu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um, þrátt fyrir fyrstu undirgrein 3. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar, að heimilt sé, til 30. júní 2022, að gefa skoðunarvottorð út í pappírformi eftir að það hefur verið fyllt út í Traces-kerfinu og prentað út. Ferlið við skráningu eftirlitsyfirlvalda og eftirlitsaðila fyrir fullgilt rafrænt innsigli stendur yfir.
- 3) Innrás Rússlands í Úkraínu 24. febrúar 2022 er sérstök og fordæmalaus áskorun fyrir þau eftirlitsyfirlvöld og eftirlitsaðila sem hafa fengið viðurkenningu að því er varðar útflutning á lífrænum vörum frá Úkraínu til Sambandsins. Í Úkraínu er einnig röskun á pósthjónustunni.
- 4) Þannig getur til þess bær einstaklingur, sem er staðsettur í Úkraínu, á vegum eftirlitsyfirlvalds eða eftirlitsaðila, sem er ekki enn búinn fullgildu rafrænu innsigli, ekki gefið út rafræn skoðunarvottorð í samræmi við fyrstu undirgrein 3. mgr. 5. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306. Til þess bæri einstaklingurinn getur ekki heldur nýtt sér þann möguleika að gefa skoðunarvottorðið út á pappír, í samræmi við umbreytingarákvæðið í 1. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar, vegna þess að sem stendur er röskun á pósthjónustunni í Úkraínu.
- 5) Í þessu samhengi er því nauðsynlegt að heimila til þess bærnum einstaklingi, sem er staðsettur í Úkraínu, á vegum eftirlitsyfirlvalds eða eftirlitsaðila, sem er ekki enn búinn fullgiltu rafrænu innsigli, að útbúa og leggja fram skoðunarvottorð á rafrænu formi í Traces-kerfinu án þess að nota fullgilt rafrænt innsigli í reit 18 á vottorðinu. Að sama skapi er nauðsynlegt að gera lögbærum yfirlvöldum aðildarríkjanna á landamæraeftirlitsstöðvum eða á stöðum þar sem vörur eru afgreiddar í frjálst flæði kleift að annast innflutningseftirlit með slíkum skoðunarvottorðum og árita þau í Traces-kerfinu með fullgildu rafrænu innsigli eða á pappír með undirskrift til þess bærs einstaklings eftir að þau hafa verið fyllt út í Traces-kerfinu og prentuð út.
- 6) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2021/2306 til samræmis við það.
- 7) Vegna innrásar Rússlands í Úkraínu og tafarlausra viðbragða sem nauðsynleg eru ætti þessi reglugerð að gilda afturvirk frá 24. febrúar 2022.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 139, 18.5.2022, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2022 frá 8. Júlí 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2306 frá 21. október 2021 um að bæta við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 reglum um opinbert eftirlit að því er varðar sendingar af lífrænt ræktaðum vörum og vörum í aðlögun sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins og skoðunarvottorð (Stjtið. ESB L 461, 27.12.2021, bls. 13).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2021/2306

Ákvæðum 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 1. mgr. a er bætt við:

„1a. Þrátt fyrir fyrstu undirgrein 3. mgr. 5. gr. er til þess bærur einstaklingi, sem er staðsettur í Úkraínu, á vegum eftirlitsyfirlvals eða eftirlitsaðila, sem er ekki búinn fullgiltu rafrænu innsigli, heimilt að útbúa og leggja fram skoðunarvottorð á rafrænu formi í Traces-kerfinu án þess að nota fullgilt rafrænt innsigli í reit 18 á vottorðinu. Slíkt vottorð skal gefið út áður en sendingin sem það varðar fer frá þriðja landinu sem er útflutningsland eða upprunaland.“

2) Eftirfarandi c-lið er bætt við í 2. mgr.:

„c) ef skoðunarvottorð er útbúið og lagt fram á rafrænu formi í Traces-kerfinu í samræmi við 1. mgr. a skal þetta vottorð áritað í Traces-kerfinu, með fullgiltu rafrænu innsigli eða á pappír með handskrifaðri undirritun til þess bær einstaklings á vegum lögbærs yfirlvals á landamæraeftirlitsstöðinni eða á staðnum þar sem vörurnar eru afgreiddar í frjálst flæði, í reiti 23, 25 og 30, eins og við á, eftir að það hefur verið fyllt út í Traces-kerfinu og prentað út.“

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 24. febrúar 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. apríl 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.